

**Nd.**

#### **454. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað mál þetta vandlega og rætt það á mörgum fundum, og hefir meiri hluti nefndarinnar komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje rjett að gera það að lögum.

Það virðast vera allar horfur á því, að tóbakseinkasala ríkisins verði lögð niður frá næstu áramótum. Eru því enn minni líkur til þess nú, að samkomulag náist um að sameina véneinkasöluna og landsverslun en í fyrra, er það var felt í efri deild. Sjer meiri hlutinn því ekki til neins að brydda upp á því nú.

Á öllum vínanda, sem til landsins er fluttur, er nú þegar mjög hár tollur, að gengisviðauka meðtöldum kr. 6.25 á lítra; virðist meiri hlutanum, með tilliti til þess, að mjög mikið af þessum vínanda er notað til lyfjatilbúnings og annara nauðsynja, ekki á það bætandi. Nefndin hefir aflað sjer upplýsinga um það, hver áhrif sú verðhækkun á vínanda, sem af frv. leiddi, ef það yrði að lögum, mundi hafa á verðlag lyfja þeirra, sem vínandi er notaður í, og komist að raun um það, að verð slikra lyfja mundi þá hækka um alt að 40%. Hinsvegar hefir nefndin ekki getað fundið ráð til þess að greina í þessu efni á milli vínanda til lyfjatilbúnings og til annarar notkunar. En þó að vafalaust sje um allmikla misnotkun lyfjaáfengis að ræða, telur meiri hluti nefndarinnar ekki fært að stofna til svo stórfeldrar verðhækkunar á nauðsynlegum lyfjum, þó að með því mætti takast að hamla að einhverju leyti þessari misnotkun, og jafnframt afla ríkissjóði nokkurra tekna. Til þess að hamla misnotkun lyfjaáfengis mundi líka vafalaust vænlegra til góðs árangurs að setja strangari reglur um áfengislyfsölu. Því til stuðnings má benda á það, að á þann hátt hefir Norðmönnum tekist að draga stórkostlega úr áfengissölu lyfjabúðanna.

Alþingi, 4. maí 1925.

Kl. Jónsson, form., með fyrirvara.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Jakob Möller, frsm.
Magnús Jónsson.	Björn Lindal.	Halldór Stefánsson, með fyrirvara.

Jeg tel 25% álagningu á áfengi til lækna og lyfjabúða skifta svo litlu fyrir neytendur lyfjanna alment, að ekki sje horfandi í að lögleiða þetta gjald, til þess að ná tekjum af öllu því áfengi, sem þessa leið fer og ekki er í lyfjablöndur notað, en ýmislega látið úti og sumpart eflaust misbrúkað.

Engin meginregla er með því brotin um ívilnanir við neytendur lyfja.

Ríkissjóður tekur nú 6,25 kr. toll af hverjum lítra vínanda, sem til lyfja fer, og læknum og lyfsölum leyfist að leggja 50% á þessar vörur í útsölu. Hækkun lyfja-verðsins verður því ekki mikil við þessa álagningu.

Læknar og lyfsalar fá nú lítrann frá áfengiseinkasölonni fyrir 9 kr. (innkaupsverð, tollur, kostnaður). Með 50% álagningu til neytenda í lyfjablöndu verður hann því 13.50 kr. Ef áfengiseinkasalan legði á 25%, mundi verðið til lækna og lyfsala verða 11.25 kr., og útsalan frá þeim eftir fyrnefndri álagningu 16.87 kr. Lítrinn yrði þannig neytendum 3.87 kr. dýrari en nú er hann. Hins vegar ætli 1 lítri af vínanda til lyfja að kosta 2.75 kr., ef ekki væri um neinn toll að ræða eða álagningu til ríkissjóðs, lækna eða lyfsala; þess vegna mundi 25% álagning eftir frv. að eins nema rösklega  $\frac{1}{4}$  af allri álagningu á vínandann, en  $\frac{1}{8}$  af verði hans. Eftir úthlutun vínanda til ýmsra læknishjæraða má sjá, að víða er lítið brot úr lítra, eða 50—60 grömm, ætlað fyrir mann hvern, og af skýrslum lyfjaeftirlitsmanns má ráða, að alls fari um 12—15 þúsundir lítra á ári í lyfjablöndur í landinu af ca. 40000 lítrum, sem inn er flutt og aðallega fer til lyfjabúðanna.

Ólíklegt er mjög, að lítrum skifti vínandi í lyf nokkurs sjúklings á ári, þar sem meðaltalsnotkun í landinu virðist  $\frac{1}{7}$  eða  $\frac{1}{8}$  lítra á mann, og getur því ekki verið um sjerstaklega þung útgjöld að ræða fyrir neytendur lyfja af 25% álagningu á vínandann til lækna og lyfjabúða.

Aftur virðist augljóst, að álagning þessi veitti ríkissjóði 60—70 þús. kr. tekjur, jafnvel þótt miðað sje við það, að  $\frac{1}{4}$  af öllum vínanda sje notaður til iðnaðar og seldur, eins og nú tíðkast, með hækkun verði.

Eftir framansögðu legg jeg því til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum á 2. gr., að í stað »50« komi: 25, og að aftan við greinina bætist, að án hagnaðar selji verslunin læknum og lyfsölum önnur lyf en áfengi.

D. u. s.

Sveinn Ólafsson.